

Stýrihópur um flugbrautaröryggi á Íslandi.

Samgöngustofa hefur tekið ákvörðun um að setja á stofn Stýrihóp um flugbrautaröryggi. Markmið SGS með stofnum stýrihópsins er að koma á fót formlegum samráðsvettvangi ólíkra hagsmunaaðila um flugbrautaröryggi á Íslandi, með áherslu á flugbrautarátroðning, akbrautarátroðning og atvik þar sem loftför fara út af flugbraut.

Markmið

Meginhlutverk Stýrihópsins skal vera að fjalla um þær hættur sem auðkenndar hafa verið á landsvísu og sem hafa haft, eða geta haft, neikvæðar afleiðingar fyrir flugbrautaröryggi og/eða akbrautaröryggi. Fjalla um núverandi ráðstafanir vegna flugbrautaröryggis á Íslandi og stuðla að samræmi og samstarfi varðandi þær sem og aðrar fyrirhugaðar aðgerðir ólíkra hagsmunaaðila.

Þátttaka

Auk fulltrúa SGS var óskað eftir þátttöku eftirtalinna hagsmunaaðila:

- Notendum loftrýmis.
- Rekstraraðilum flugvalla og rekstrarstjórnunar flugumferðar.
- Flugskólum (DTOs og ATOs) og flugklúbbum.
- Öryggisnefndum fagfélaga flugmanna og flugumferðarstjóra.
- Fulltrúum flugbrautaröryggishópa millilandaflugvallanna (*local runway safety teams*).

Eftir atvikum getur formaður kallað eftir aðkomu viðeigandi sérfræðinga og fulltrúa utanaðkomandi stofnana.

Hver hagsmunaaðili skal tilnefna tengilið Stýrihóps en þátttaka á fundum stýrihópsins verður opin þeim fulltrúum hagsmunaaðila sem tengiliðir hafa tilkynnt til þátttöku.

Verkefni

Stýrihópurinn skal vinna eftir Evrópskri aðgerðaáætlun gegn flugbrautarátroðningi, útg. af Netaðgerðarstjóra EUROCONTROL ([European Action Plan for the Prevention of Runway Incursions](#)). Einnig skal horft til leiðbeiningarefnis annarra alþjóðastofnana s.s. ICAO, EASA og ACI. Í þessu felst að kallað verður eftir gagnagreiningu frá öllum hagsmunaaðilum og samvinna viðhöfð um frekari greiningu þeirra gagna í því skyni að meta samræmi og samþættingu ólíkra aðgerða. Stýrihópurinn skal vinna að þróun verkefna sem ætlað er að auka flugbrautaröryggi og samhæfa og samþætta miðlun lærdóms og upplýsinga um flugbrautaröryggi.

Verkefnislýsing:

<i>Heiti verkefnis:</i>	Stýrihópur um flugbrautaröryggi á Íslandi
<i>Eigandi verkefnis:</i>	Samgöngustofa
<i>Tímarammi:</i>	2024 - 2029
<i>Markmið:</i>	Meginhlutverk Stýrihópsins skal vera að fjalla um þær hættur sem auðkenndar hafa verið á landsvísu og sem hafa haft, eða geta haft, neikvæðar afleiðingar fyrir flugbrautaröryggi. Fjalla um núverandi ráðstafanir vegna flugbrautaröryggis á millilandaflugvöllum og stuðla að samræmi og samstarfi varðandi þær sem og aðrar fyrirhugaðar aðgerðir ólíkra hagsmunaaðila.
<i>Þátttakendur:</i>	AOPA Atlantsflug Flugfélag Íslands Flugmálafélag Íslands FlyPlay Geirflugl Icelandair Isavia ANS Isavia Innanlandsflugvellir Isavia ohf Norlandair Reykjavík Flight Academy V-ONE Vængir Öryggisnefnd FÍA Öryggisnefnd FÍF Öryggisnefnd ÍFF
<i>Formennska:</i>	Samgöngustofa
<i>Afurðir:</i>	<ul style="list-style-type: none"> Í febrúar ár hvert skal Stýrihópurinn gefa út stöðumat gagnvart Evrópsku aðgerðaráætluninni gegn flugbrautarátroðningi, sem lýsir stöðu innleiðingar á Íslandi. Frammistaða gagnvart megin öryggisvísu Flugöryggisáætlunar Íslands skal metin ár hvert. AIC (Upplýsingabréf flugmála) og annað viðeigandi leiðbeiningarefni skal gefið út um samhæfðar og samræmdar aðgerðir um flugbrautaröryggi. Hugað skal að notkun samfélagsmiðla og annarra miðla, sem leiðir til að nálgast þá sem snertiflöt hafa við flugbrautaröryggi. Tillögur til úrbóta, sem beina má til ólíkra hagsmunaaðila. T.d. tillögur um breytingar á reglugerðum, verklagsreglum, vinnulagi eða tækjabúnaði.

<i>Stjórnun</i>	<ul style="list-style-type: none">• Fundir skulu haldnir að lágmarki tvisvar á ári, formaður boðar fundi.• Fundir verða ýmist fjarfundir eingöngu eða blandaðir stað- og fjarfundir (hybrid).• Ekki verður greitt sérstaklega fyrir þátttöku í Stýrihópi um flugbrautaröryggi.• Þátttakendur skulu senda efni til umræðu á fundi eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.• Samgöngustofa mun stofna „Teymi“ á Teams-svæði sínu og aðgangur skal veittur þeim fulltrúum hagsmunaaðila sem viðkomandi tengiliður hefur tilkynnt um til SGS.• Reikna skal með að fundir fari fram á íslensku, fundargögn ýmist á íslensku eða ensku og afurðir verði einnig ýmist á íslensku og ensku eða á báðum tungumálum.
-----------------	--